

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2012.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk, norsk og rússnesk stjórnvöld um heimildir skipa frá Færeyjum, Noregi og Rússlandi til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2012.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og ennfremur reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

Færeysk, norsk og rússnesk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til síldveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Sunnan $67^{\circ}00'N$ er rússneskum, færeyskum og norskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan $011^{\circ}30'V$. Þó er færeyskum skipum heimilt, fyrir sunnan $67^{\circ}00'N$, að stunda síldveiðar upp að eftirfarandi línu:

- | | |
|---|---|
| 1. $67^{\circ}00,00'N - 013^{\circ}19,00'V$ | 6. $64^{\circ}32,30'N - 011^{\circ}41,00'V$ |
| 2. $66^{\circ}42,00'N - 012^{\circ}50,00'V$ | 7. $64^{\circ}21,70'N - 012^{\circ}17,30'V$ |
| 3. $66^{\circ}06,00'N - 011^{\circ}33,00'V$ | 8. $64^{\circ}00,00'N - 013^{\circ}07,00'V$ |
| 4. $65^{\circ}27,00'N - 011^{\circ}24,00'V$ | 9. $63^{\circ}43,00'N - 014^{\circ}00,00'V$ |
| 5. $65^{\circ}00,00'N - 011^{\circ}28,00'V$ | |

og þaðan rv. í 180° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

Óheimilt er norskum skipum að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi meira en 58.570 lestir á árinu 2012. Ekki skulu fleiri en 10 rússnesk skip hafa leyfi til síldveiða og er þeim óheimilt að veiða meira en 3.588 lestir af síld innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi á árinu 2012.

Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstöku reglugerðum eða skyndilokunum.

Stundi færeysk skip síldveiðar fyrir sunnan $67^{\circ}00'N$ og vestan $011^{\circ}30'V$ skal skipstjóri taka sýni úr afla. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnataka fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda svo unnt sé að greina íslenska sumargotssíld frá norsk-íslenskri síld í samræmi við kynþroskastig. Skipstjóri skal skrá hlutfall síldartegunda í afladagbók.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sem uppfylla ákvæði um afladagbækur samkvæmt kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Skulu Fiskistofu sendar staðfestar löndunartölur og afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin.

6. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (catch on entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokutilkynning“ (catch on exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

10. gr.

Tilkynningar samkvæmt 6.-9. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma (UTC).

11. gr.

Skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema

annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibönn, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

12. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Heimilt er ráðuneytinu að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr fiskveiðilandhelginni á tilteknum athugunarstöðvum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

13. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. janúar 2012.

F. h. r.

Hrefna Karlsdóttir.

Arnór Snæbjörnsson.